



Fjöldi fatlaðra gerenda og brotþola í útköllum Saman gegn ofbeldi

Reykjavík, 5. febrúar 2026

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum á mannréttndaskrifstofu Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi



Upplýsingarnar um það hvort gerandi og brotapolí séu fatlað fólk byggir á mati ráðgjafa í útköllum.



Úr verklagsreglun ríkislögreglustjóra um heimilisofbeldi:

Úr 1. grein

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og polandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl, sbr. 2. gr. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og/eða fjárhagslegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu...

Úr 2. grein

Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón, sambúðarfólk eða par (þ.e. ofbeldi í nánu sambandi), börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn. Athugið að ofbeldið getur beinst að þriðja aðila í þeim tilgangi að hóta eða ógna polanda, t.d. nýjum maka, vinum eða fjölskyldumeðlim.

Það er ekki litið á ofbeldi sem á sér stað í búsetukjörnum sem heimilisofbeldi




Útköll Reykjavíkurborgar 2015-2025, fjöldi fatlaðra gerenda og brotápola og hlutfall þerra af útköllum

Gerendur					
Ár	Kona	Karl	Samtals	Fjöldi alls	Hlutf. fatl. af heild
2015	9	1	10	164	6
2016	7	3	10	195	5
2017	2	7	9	212	4
2018	2	13	15	201	7
2019	0	15	15	196	8
2020	1	9	10	228	4
2021	4	10	14	235	6
2022	1	3	4	186	2
2023	4	5	9	222	4
2024	0	11	11	203	5
2025	4	3	7	260	3

Brotapolar					
Ár	Kona	Karl	Samtals	Fjöldi alls	Hlutfall fatl. af heild
2015	2	3	5	164	3
2016	6	1	7	195	4
2017	5	2	7	212	3
2018	2	1	3	201	1
2019	2	2	4	196	2
2020	3	0	3	228	1
2021	4	0	4	235	2
2022	2	0	2	186	1
2023	6	1	7	222	3
2024	5	2	7	203	3
2025	4	1	5	260	2




Fjöldi fatlaðra gerenda í útköllum borgarinnar 2015-2025, greint niður á kyn





Fjöldi fatlaðra brotþola í útköllum borgarinnar 2015-2025, greint niður á kyn





Niðurstöður frá vinnustofu Saman gegn ofbeldi dags. 15. janúar – heimilisofbeldi og fatlað fólk

Borðstjóri í vinnuhópnum Heimilisofbeldi og fatlað fólk var Krístrún Huld Sigurðardóttir, ráðgjafi Reykjavíkurborg

Hvað erum við að gera vel?

- Komið ágætis verklag með eldra fólk, þarf álíka verklag með fötluðu fólk.
- Jákvætt – nýja Kvennaathvarfið mun geta tekið á móti fötluðum konum.
- Samstarf lögreglu og félagsþjónustu – byggja enn meira ofan á SGO.

Hvað þarf að gera betur?

- Vantar meiri fræðslu og þjálfun í lögreglunni til að mæta fólk með fötlun.



Hvað þarf að gera betur? Frh.

- Eftirfylgniheimsóknir mikilvægar.
- Úrræðaleysi í kerfinu, konur með umönnunarþarfir geta ekki dvalið í Kvennaathvarfinu.
- Fáir með þroskaskerðingu sem leita til lögreglu vegna ofbeldis.
- Hvert útkall þarf að hringja viðvörunarbjöllum og kerfi fari í gang.
- Þarf að skrá sérstaklega ef fólk er með fötlun.
- Þyrfti að skilgreina ofbeldi í nánu sambandi ef aðilar búa saman en eru ekki tengdir.
- Fullorðið fatlað fólk sem býr enn hjá foreldrum, foreldrar jafnvel persónulegir talsmenn og fjárhaldsmenn.



Hvað þarf að gera betur? Frh.

- Gerendur með fötlun? Hvað gerum við þar? Fagaðilar þurfa að leggja lið.
- Hvernig vinna kerfin saman? Tengiliðir á hverri miðstöð, félagsráðgjafar.
- Val að fá félagsráðgjafa þegar heimilisofbeldismál eru tilkynnt á stöð.
- Þarf vitundarvakningu um stöðu fatlaðs fólks sem verður fyrir ofbeldi og hvernig þurfi að mæta því.
- Úrræðaleysi kerfisins – vantar úrræði fyrir karlkyns þolendur.
- Í útköllum þar sem einstaklingur er í geðrofi þyrfti að kalla út borgarlækni/héraðslækni.
- Kunnum ekki eins vel að nálgast þennan hóp eins og marga aðra.
- Þetta ofbeldi er falið, ekki eins mörg útköll og ættu að vera skráð.



Reykjavík